



Fundargerð 262.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 9. Júní 2021 kl. 16.00 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu Hafnasamlags Norðurlands við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson, Ólafur Rúnar Ólafsson og Þórhallur Jónsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021.

Hafnarstjóri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir 2021. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir að engin skemmtiferðaskip myndu heimsækja hafnir HN í sumar en nú virðist vera ljóst að einhver tugur minni skipa muni koma. Ný áætlun gerir ráð fyrir að rekstur hafnarinnar verði jákvæður að fjárhæð 22,6 m.kr. í stað þess að vera neikvæður um 17,4 mkr. Lagður fram viðauki vegna fjárhagsáætlunar HN fyrir árið 2021 sem stjórn HN samþykkir.

2. Torfunefsbyggja – endurbygging.

Á fundi bæjarráðs 8. apríl 2021 var samþykkt að veita Hafnasamlagi Norðurlands bs eignarlóð sem til verður við stækkun á Torfunefsbyggju. Á fundi skipulagsráðs þann 28. maí var síðan sviðstjóra ráðsins falið að vinna áfram í málinu í samræmi við umræður á fundinum. Lagt fram til kynningar.

3. Starfsmannamál.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi auglýsta stöðu verkefnastjóra.

4. Önnur mál.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fundi var slitið kl. 16:49

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður



Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jósépsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur Rúnar Ólafsson

Þórhallur Jónsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
